

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Miðsvæði Ísafirði

Janúar 2017

Breyting á aðalskipulagi

Inngangur

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér minni háttar breytingu á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags en greinargerð skipulagsins helst óbreytt. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2. 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3. 2010.

Breytingar á skipulagsupprætti

Breytingin felst í því að mörk miðsvæðis M4 og hafnarsvæðis K1 um Sindragötu færast til austurs. Miðsvæðið stækkar um tæpan 0,5 ha og hafnarsvæðið minnkar sem því nemur. Mörk hverfisverndarsvæðis H8 breytast ekki. Á miðsvæði M4 er gert ráð fyrir fjölbreyttri verslun, þjónustu og íbúðum. Markmið breytingarinnar er að samræma landnotkun beggja vegna Sindragötu og mynda þannig heildstætt svæði umhverfis Wardstún. Breytt mörk samræmast einnig afmörkun miðsvæðisins við Ásgeirsbakka. Breytingunni er ætlað að efla miðsvæðið og tengingu þess við hafnarsvæðið, í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Í aðalskipulaginu er fjallað um mikilvægi miðbæja og hafna í yfirbragði bæjarins og áhersla lögð á það að tengja þau saman. Áfram er gert ráð fyrir gönguleið sem tengir þessi svæði saman.

Breytingar á greinargerð


Engar breytingar eru gerðar á greinargerð aðalskipulagsins. Öll ákvæði miðsvæðis M4, hafnarsvæðis K1 og hverfisverndarsvæðis H8 eru óbreytt.

Áhrif

Áhrif breytingarinnar eru óveruleg og á mjög afmörkuðu svæði. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, enda hefur jafnan verið fjölbreytt nýting innan svæðisins sem breytingin tekur til, s.s. verslun, skrifstofur og þjónusta auk hátækniíðnaðar. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu miðsvæðis á Wardstúni og er því líklegt að breytingin hafi jákvæð áhrif á þróun þess svæðis.




Samþykktir


Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 16. feb. 2017.


 BÆJARSTJÓRI


Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann 2. mars 2017.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 16. MARS 2017.



























Ísafjörður - hluti þéttbýlisuppráttar Mkv. 1:10.000



Ísafjörður - hluti þéttbýlisuppráttar Mkv. 1:10.000

Skýringar

-  Svæði fyrir íbúðabyggð
-  Svæði fyrir þjónustustofnanir
-  Miðsvæði
-  Athafnasvæði
-  Iðnaðarsvæði
-  Hafnarsvæði
-  Opin svæði til sérstakra nota
-  Óbyggð svæði
-  Vötn, ár og sjór
-  Hverfisverndarsvæði
-  Þjóðminjaverndarsvæði
-  Varnarmannvirki
-  Stofnbrautir
-  Tengibrautir
-  Safnbrautir
-  Húsagötur - sýndar til skýringar
-  Gönguleiðir
-  Fjarskipti í jörð
-  Fráveita í jörð
-  Hitaveita í jörð
-  Rafveita í jörð
-  Vatnsveita í jörð
-  Sendar



Ísafjörður (Loftmyndir 2012) Mkv. 1:5.000



www.verkis.is - sími: +354 422 8000

Aðalskipulagsbreyting

VERKÍANG 16165-004 TEK EBK RYNT GPEY